

Mál nr. 27/2019

Fimmtudaginn 19. apríl 2019 var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 27/2019

HRFÍ

gegn

X.

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

#### I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 27. júní 2019 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (X) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíkina A án þess að virða 12 mánaða hvíldartíma eftir að hafa parað tvisvar á 12 mánaða tímabili. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 7. ágúst 2019 og henni gefinn frestur til að andmæla til 4. september 2019. Þar sem tilmælum um andmæli var ekki svarað voru þau ítrekuð með bréfi dags. 11. september 2019 og gefinn viðbótarfrestur til 18. september 2019. Kærða sendi inn svarbréf 13. september 2019 og taldi siðanefnd málið tækt til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 23. apríl 2019 hafði tíkin verið pöruð 10. desember 2018 og gotið 1. febrúar 2019. Áður hafði tíkin átt got 14. mars 2018 og 26. ágúst 2017. Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn skal hvíla tíkur í hið minnsta 12 mánuði hafi hún verið pöruð tvisvar á 12 mánaða tímabili. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Hundarnir eru af kyninu west highland white terrier er hvor um sig í eigu kærðu.

### III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ kemur fram í 3. kafla 4mgr. að

*3.4. Láta ekki tók gjóta oftari en fimm sinnum. Ef tók gýtur tvisvar innan 12 mánaða tímabils þarf að hvíla tókina í a.m.k. í 12 mánuði fyrir næsta got. Tók sem er 7 ára eða eldri skal hvílast a.m.k. 12 mánuði á milli gota.*

Í málinu liggur fyrir að hvíldartími hafi ekki verið virtur að fullu. Hefur kærða því gerst brotlegar við grein 3.4 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ og er það mat nefndarinnar að hæfileg viðurlög við brotinu sé áminning.

### IV. Niðurstaða

Kærða X telst hafa gerst brotleg við grein 3.4 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærða X er áminnt.

f.h. siðanefndar

---

Klara Símonardóttir

---

Anna D. Hermannsdóttir

---

Ásta María Karlsdóttir